

Erindi Benónýs Ægissonar fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráði Miðborgar og Hlíða dags. 26. maí 2020 vegna svars Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við fyrirspurn ráðsins dags. 22. maí 2020 um hávaða í miðborginni.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur - Hávaði

Þakka þér greinagóð svör frá Heilbrigðiseftirliti þó seint berist. Það er þó ekki laust við að svörin kalli á nýjar spurninga sérstaklega um verklag og samstarf eftirlitsaðila.

Fram kemur í svarinu að lögreglan kemur ekki kvörtunum um hávaða til HER. Ólíklegt er að hinn almenni borgari sem er líklegur til að hringja til lögreglu til að kvarta yfir hávaða geri sér grein fyrir þessu tvöfalda kerfi og í raun þurfi hann að að hringja í HER á dagvinnutíma til að kvörtunin sé skjalfest þar. Mætti ekki bæta verklag og samvinnu þarna?

Fram kemur að gerðar hafi verið athugasemdir við hljóðstig í 4 af 9 krám og skemmtistöðum þar sem það var mælt. Hver voru tildrög þess að þessir staðir voru mældir, hvaða staðir voru þetta, hvers eðlis voru athugasemdirnar og höfðu þær einhver áhrif?

Spurt var um hvort staðir hafi verið sviptir leyfi eða ekki fengi það endurnýjað vegna ítrekaðra brota á 4. grein lögreglusamþykktar og í ljós kemur að HER hefur ekki haft frumkvæði að slíku enda sé leyfisveitingin í höndum Sýslumannsins á Höfudborgarsvæðinu. Í þessu svari kristallast í raun staða þessara mála þar sem eftirlitshlutverkið er í höndum HER og lögreglu, borgarráð er umsagnaraðili en Sýslumaður gefur út leyfið og af svarinu er óljóst hvernig þessir aðilar bera saman bækur sínar. Einnig er óljóst hvort einhver viðurlög séu við brotum á lögreglusamþykkt og hvort staðirnir hafi yfirhöfuð nokkru að tapa sé brotavilji eigendanna einbeittur.

Spurt var um hvaða kröfur séu gerðar til hljóðvistar á stöðum sem hafa leyfi til skemmtanahalds og í svari er vísað til reglugerðar. Nú eru margar krár og skemmtistaðir í miðborginni gömul timburhús sem áður voru íbúðarhús og verslanir og má þar nefna staði eins og Prikið, Kofann, Kaffibarinn, Bravo/Kiki og Dillon. Á þessum stöðum er leikin hávæð tónlist fram á nótt þó húsnaðið sé ekki hannað til þess. Hvernig er úttekt á hljóðvist þessara staða háttað?

Spurt var um ábyrgð veitingamanna á hávaða vegna gesta utandyra og af svarinu verður ekki ráðið að gerðar séu sérstaklega íþyngjandi kröfur til þeirra og í raun geti þeir skotið sér undan ábyrgð með þeirri röksend að þeir sem eru fyrir utan staðina þurfi ekki nauðsynlega að vera gestir þeirra. Fram kemur einnig að engin sérstök viðurlög eru ef tímalengd og hávaðamörk eru ekki virt á samkomum.

Nú er það svo að í mörgum borgum eru þær kröfur gerðar til veitingafólks að starfsemi þeirra trúfli ekki nágranna en komi til þess eru staðir umsvifalaust sviptir leyfi eða opnunartími þeirra takmarkaður til einhvers tíma. Því eru engar slíkar reglur í Reykjavík? Er það eðlilegt að nágrannar séu í hlutverki þolandans og sitji uppi með þá súru tilfinningu að þeir séu að spilla ánægju þeirra sem eru að skemmta sér? Væri ekki eðlilegra að sú skylda væri lögð á herðar þeirra sem standa fyrir skemmtanahaldi að þeir trúfli ekki nágranna sína? Auðvitað gera íbúar miðborgarinnar sér grein fyrir því að þeir búa ekki í rólegu svefnhverfi en þó þeir kjósi sér að búa í miðborginni hljóta þeir að eiga sama rétt á nætursvefni og aðrir íbúar því ákvæði lögreglusamþykktar gilda um þá eins og aðra.